

Skóflustunga tekin að Stekkjarskóla á Selfossi



Það voru þau Arna Ír Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi og formaður fræðslunefndar Árborgar, Helga Sighvatsdóttir, skólastjóri Tónlistarskóla Árnesinga og Hilmar Björgvinsson, skólastjóri Stekkjarskóla sem tóku fyrstu skóflustungurnar að nýjum grunnskóla föstudaginn 6. nóvember sl. Jarðvinna er hafin að fyrsta áfanga verkefnisins. Í fyrsta áfanga verður samtals 4.592 m². Þar verður aðstaða fyrir börn í 1. – 4. bekk grunnskóla ásamt sérgreina- og frístundarými, fjölnota sal, eldhúsi og starfsmannaaðstöðu.

Mikilvægt að fjármagn fáist í viðhald varnarlína

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar ályktaði um mikilvægi þess að varnarlinum sé viðhaldið með viðunandi hætti. „Í ljósi þess að riðuveiki í sauðfé hefur nýlega verið staðfest á fjórum búum í Skagafirði vill sveitarstjórn Bláskógabyggðar ítreka mikilvægi varna gegn útbreiðslu búfjárjúkdóma.

Mikilvægt er að þeim stofnunum sem sjá um viðhald og eftirlit varnarlína milli varnarhóla sé tryggt nægt fjármagn til að varnarlinur þjóni hlutverki sínu eins og kostur er.“

Ekki skynsamlegt að leggja niður eða breyta núverandi fyrirkomulagi

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar telur ekki skynsamlegt að leggja niður eða breyta núverandi varnarlinum með það að mark-

miði að fækka varnarhólfum og sameina. „Slík sameining gæti orðið til þess, ef upp kæmi riða, að skera þyrfti niður mikinn fjölda sauðfjár á stórum svæðum með tilheyrandi fjárhags- og tilfinningatjóni fyrir bændur. Samfélög sveitanna hlytu líka skaða af þar sem stór hluti af menningu og hefðum þeirra tengjast sauðkindinni.“

Kalla eftir fjármagni

Í fundargerðinni segir jafnframt að „sé það raunverulegur vilji stjórnvalda að standa vörð um og styrkja íslenska matvælaframleiðslu þá þarf fjármagn að fylgja eftir. Öflugar varnir gegn útbreiðslu búfjárjúkdóma eru lykilatriði í varðveislu íslenskra búfjárfstofna sem íslensk matvælaframleiðsla er að mestu byggð á.

Systurnar Freyja og Oddný sigruðu Blítt og létt

Góðan daginn, kærur Sunn-glendingar! Þetta haustið er búið að vera skýtið fyrir nemendur Menntaskólans að Laugarvatni eins og flesta aðra í samfélaginu. Nemendafélagið Mímir er þó búið að vera á fullu að reyna að finna afþreyingu fyrir nemendur. Til að mynda má nefna það að stjórnarmeðlimir hafa tekið upp á því að taka upp hlaðvarpsþætti sem finna má á YouTube-síðu Mímis.

Fimmtudaginn síðastliðinn hélt nemendafélagið svo árlega söngkeppni skólans, Blítt og létt, í gegnum internetið. Þetta tókst prýðilega og við þökkum keppendum kærlega fyrir þátttökuna. Í þetta skiptið báru systurnar Freyja og Oddný Benónýsdætur sigur úr bítum. Hér til hliðar er mynd af þeim systur með hljóðkúttinn sem er verðlaunagripur keppinnar. jg



Pípulagnir Helga er framúrskarandi fyrirtæki árið 2020

Við þökkum viðskiptavinum og starfsfólki kærlega fyrir.

**PÍPULAGNIR
HELGA**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



**FRAMÚRSKARANDI
ÞJÓNUSTA**

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is

ÍSLENSKT


LÁTTU ÞAÐ GANGA

Það eru
43 DAGAR
til jóla



Hrós vikunnar

Jóna Katrín Hilmarsdóttir
eru hrósarar vikunnar að þessu sinni:



Jóna Katrín Hilmarsdóttir

Hrós vikunnar fær stjórn Nemendafélagsins Mímis fyrir að standa þétt við bakið á ML-ingum með ýmsum uppátækjum. Nú síðast stóð stjórnin fyrir lifandi streymi söngkeppninnar Blítt og létt sem er aðdáunarvert frumkvæði í þessum ólgusjó sem við erum nú stödd í. Við erum virkilega stolt af nemendahópnum okkar og þakklát fyrir að allir meðlimir stjórnarinnar eru boðnir og búnir að leggja sitt af mörkum og ekki síst stallarinn, Kristján Bjarni Rossiter Indriðason.

Jóna Katrín Hilmarsdóttir

Ég skora því á Kristján Bjarna og nemendafélagið að koma næst með hrós vikunnar.

Dagskráin, fréttablað Suðurlands

Kristján Bjarni, þú sendir okkur hrósið á netfangið dfs@dfs.is. Ekki væri verra að fá mynd með :)



Kjarabarátta eldri borgara án árangurs

Áðalfundi Félags eldri borgara í Rangárvallasýslu 4. 4. 2016 var kosið kjararáð félagsins sem hefur starfað síðan og árlega lagt fram sínar tillögur fyrir aðalfund um kjaramál, sem formaður félagsins og fulltrúi kjararáðs hafa síðan barist fyrir að ná fram á landsfundum eldri borgara, án nokkurs árangurs.

Á síðasta aðalfundi félagsins 12. júní sl. var samþykkt að lýsa vantrausti á stjórn landsambandsins, vegna þess að nær enginn árangur hefði náðst í hagsmunabaráttu eldri borgara undanfarin 10 ár.

Greiðslur almannatrygginga hafa ekki fylgt hækkunum lægstu launa, sem hækkuðu 1. janúar 2020 um 3,6%, miðað þá við neysluvísitölu ársins 2019, en ekki er miðað við launavísitölu, sem ætti að gera, sem hækkaði um 7,1 %. Þessi mismunur hefur átt sér stað árlega undanfarin 10 ár, sem segir allt um stöðu þessara mála.

Atvinnutekjur umfram 100 þús. kr á mánuði hafa skert greiðslur almannatrygginga um 45% og lífeyrissjóðsgreiðslur með öðrum fjármagnstekjum umfram 25.000 kr. á mánuði hafa skert greiðslur almannatrygginga um 45%.

2018 námu þessar skerðingar

39 milljörðum og 114 milljónum af 33.859 eldri borgurum. Samanlögð skerðing og skattlagning tekna eldri borgara á tekjubilinu 25 þúsund til 570 þúsund á mánuði getur numið um 75%.

Greiðslur stéttarféлага til starfsmanna sinna, vegna ýmissa tilgreindra útgjalda, falla niður, þegar þeir verða eldri borgarar og ekkert kemur þar í staðinn frá almannatryggingum, þannig að áður áunninn réttur með greiðslum fellur með öllu niður.

Greiðslur almannatrygginga falla niður til þeirra eldri borgara sem flytjast á dvalarheimili eða hjúkrunarheimili. Þeir fá aðeins greitt kr. 77.084 á mánuði til nauðsynlegra útgjalda s.s. fyrir bifreiðakostnaði, fatnaði, ólyfseðilsskyldum lyfjum, heilsuvörum, hársnyrtingu, fót-snyrtingu, ferðalögum, snyrtivörum, gleraugum, heyrnar-tækjum, innbústryggingu, efni í fönðurvörur, sælgæti, tóbaks-vörur, tækifærissgjafir, jólagjafir, ofl. Allar tekjur viðkomandi s.s. lífeyrissjóðsgreiðslur og fjármagnstekjur eru teknar upp í þennan dvalarkostnað allt að 438.747 kr. á mánuði.

Hækkunir þessa árs á verðlagi og ýmsum gjöldum ríkis

og sveitarfélaga, hafa þessir eldri borgarar orðið að bera án frekari greiðslna frá almannatryggingum. Ef þeir neyðast til að bæta við sig tekjum, er víst að krafa um endurgreiðslu kemur næsta ár frá almannatryggingum.

Og enn er höggvið í sama knérinn, boðaðar hækkanir almannatrygginga á næstu fjárlögum 1. janúar 2021 eru 3,6% miðað við óskiljanlega reikni-reglu ráðuneytisins miðað við þetta ár, þegar öll laun á árinu hækkuðu um 10% eða meira af hærri launum – og enn meiri hækkun af enn hærri launum. Í veskið eftir skatt frá almannatryggingum um 6 - 10 þúsund á mánuði!

Fulltrúar félagsins á landsfundinum fluttu einnig samþykktu tillögu aðalfundarins um að LEB myndi styðja Gráa herinn fjárhagslega og málefnalega í málsofn sinni gegn ríkinu varðandi skerðingar á greiðslum almannatrygginga vegna lífeyrissjóðsgreiðslna til eldri borgara, sem var samþykkt á landsfundinum.

Fyrir hönd kjararáðs félags eldri borgara í Rangárvallasýslu,
Halldór Gunnarsson.

Tiha Tolera sýnir á Bókasafninu í Hveragerði

Opnuð hefur verið sýning á verkum Tihu Toleru á Bókasafninu í Hveragerði. Tiha útskrifaðist með diplóma frá Listmálarabráut Myndlistarskólans í Reykjavík síðastliðið vor. Hún er fædd og uppalin í Búlgaríu en býr og starfar sem myndlistarmaður í Hveragerði. Þetta er hennar önnur einkasýning á Bókasafninu í Hveragerði. Sýningin ber yfirskriftina „Landscapes - I'm not perfect, I'm just a human“ eða „Landslag - ég er ekki fullkominn, ég er mannleg“ og á henni fjallar hún um fordóma



gagnvart mannlíkamanum og ber líkamann saman við fallegt landslag. Sýningin mun standa út nóvember og er opin á sama

tíma og bókasafnið; mánudaga 11-18:30, þriðjudaga-föstudaga 13-18:30 og laugardaga 11-14.

Liðsheild FEBRANG er lykill að góðu starfi

Hvernig getum við fengið fleira fólk til liðs við FEB, (Félag eldri borgara) í Rangárvallasýslu og í Ásahreppi? Ef ég vissi það hefði fjölgað í félaginu okkar. En ég veit það ekki og þess vegna leitum við í stjórninni til ykkar eftir góðum hugmyndum.

Í Rangárvallasýslu eru um 900 manns 60 ára og eldri en við erum aðeins 260 í félaginu. Við erum félagskapur sem er að standa vörð um hagsmuni eldri borgara, laun, tryggingar, lögfræðiaðstoð og ýmislegt annað. Við skipuleggjum líka félagsstarf og gagnlega fræðslufundi.

Við þurfum að standa saman og leggja eitthvað af mörkum sem flest, ekki bara þiggja. Okkur vantar fólk til samstarfs, margar hendur vinna létt verk.

Eins og staðan er núna erum við of fá að sinna of mörgum störfum, það er gaman og góð tilfinning að gefa af sér og deila ábyrgð. Ég vil ekki vera eins og presturinn sem skammaðist í þeim gestum sem komu til kirkju yfir lélegri kirkjusókn. Nei ég mun hvetja ykkur til að starfa fyrir félagið og hjálpast að við að fjölga félögum, líka að gefa kost á ykkur í stjórn, ráð og nefndir. Það væri nú tilbreyting ef kjósa þyrfti á næsta aðalfundi. Við vitum öll að fátt gerist af sjálfu sér.

Að lokum langar mig að segja frá því hvernig ég kynntist Félagi eldri borgara. Fyrir þremur árum var ég að fletta Búköllu. Þar auglýsti félagið dagsferð á Lakagíga. Hvernig get ég komist í þessa ferð, ég er ekki í félaginu. Svo ég fór

og heimsótti Rúnu, þáverandi formann. „Þú verður bara að ganga í félagið,“ sagði Rúna. Það varð raunin og ég fór á Laka, ógleymanleg ferð. Í rútunni var farið lauslega yfir starfið í félaginu, þar á meðal starf Hrings (kórinn). Ég heillaðist af þeirri kynningu og ákvað að taka þátt. Það er mjög gaman og við erum öll jöfn þó við séum á óræðum aldri. Það þurfum við líka að vera í FEBRANG og Nonni formaður leiðir okkur áfram.

Kær kveðja,

Ásdís Ólafsdóttir,
frístundabóndi á Bót
Rangárvíngi eystra

P.s. Á nýju vefsíðunni okkar, febrang.net, getur þú skráð þig í félagið.



20% afsláttur af öllum vörum út laugardaginn 14. nóvember. Við minnum á vefinn okkar og fjöldatakmörkun í verslun er 10 manns.

Motivo.is
Hönnun, tíska og aljafavara

Austurvegi 9 Selfossi S.482 1700 Motivo.is



LEIKSKÓLINN GOÐHEIMAR SELFOSSI LAUS STÖRF



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Leikskólinn Goðheimar er nýr sex deilda leikskóli sem er í byggingu við Engjaland 21 á Selfossi. Áætlað er að opna hluta leikskólans í mars 2021 og allan leikskólann í ágúst 2021. Hér með eru auglýstar stöður sérkennslustjóra, deildarstjóra, leikskólakennara, matráðs og aðstoðarmatráða.

Í Sveitarfélaginu Árborg búa rúmlega 10 þúsund manns og lögð er áhersla á öflugt skóla- og frístundastarf og góða velferðarþjónustu. Skólar og aðrar deildir fjölskyldusviðs vinna að því að styrkja heildstæða nærpjónustu við börn, foreldra og skóla. Þá er áhersla lögð á snemmtækan stuðning, góð tengsl skóla og skólástiga og skólaþróunarverkefni sem unnin eru í anda lærdómssamfélagsins. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingum sem búa yfir þekkingu, reynslu og áhuga á skólastarfi.

Frekari upplýsingar um störf; menntun, hæfniskröfur, helstu ábyrgð og verkefni er hægt að kynna sér á heimasíðu Árborgar – Laus störf

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags. Vakin er athygli á stefnu Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum og að vinnustaðir endurspeglí fjölbreytileika samfélagsins.

Nánari upplýsingar um störf veitir Sigríður Birna Birgisdóttir, leikskólastjóri, sigridurb@arborg.is, sími 480 6352 og 480 3272.

Umsóknum fylgi leyfisbréf, yfirlit yfir nám, fyrri störf og rökstuðningur fyrir hæfni í starfi.

Umsókn ásamt fylgigögnum skal skila í gegnum ráðningarvef sveitarfélagsins <http://starf.arborg.is>. Umsóknarfrestur er til 25. nóvember 2020.

Lausar stöður

Sérkennslustjóri

Um er að ræða 100% stöðu sérkennslustjóra sem ráðið verður í frá og með 15. febrúar 2021 eða eftir nánari samkomulagi.

Deildarstjórar

Um er að ræða þrjár 100% stöður deildarstjóra sem ráðið verður í frá og með 15. febrúar 2021 og þrjár 100% stöður deildarstjóra sem ráðið verður í frá og með 1. ágúst 2021.

Leikskólakennarar

Um er að ræða 12 stöður leikskólakennara í 100% starfshlutfalli sem ráðið verður í frá og með 1. mars 2021 og 12 stöður leikskólakennara sem ráðið verður í frá og með 1. ágúst 2021.

Matráður/matreiðslumaður

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem getur hafið störf 15. febrúar 2021 í 100 % starf.

Aðstoðarmatráðar

Ein 100% staða frá 1. mars 2021 og ein 80% staða frá 1. ágúst 2021.

Ósanngjarn og stefnulaus kolefnisskattur

Kolefnisskattur er nýr skattur á Íslandi. Hann er lagður á jarðefnaeldsneyti og á að draga úr útblæstri og hvetja til orkuskipta í samgöngum. Skatturinn mun hækka um áramótið og verður 11,75 krónur á hvern lítra af díselolíu og 10,25 krónur á bensíni, sem síðan hefur áhrif til hækunar verðbólgu. Flutningskostnaður hækkar og um leið verð vöru og þjónustu. Skatturinn hefur hækkað verulega í tíð þessarar ríkisstjórnar. Þegar ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur tók við völdum skilaði skatturinn 3,5 milljörðum á ári. Á þessu ári er hann rúmfrá 6 milljarðar. Hækkunin hefur haft neikvæð áhrif fyrir heimilin og atvinnulífið í landinu.

Einkum tvennt gerir það að verkum að þessi skattur er ósanngjarn og stefnulaus. Hann er ósanngjarn vegna þess að honum er ekki jafnað niður á landsmenn með sanngjörnum hætti, hann bitnar sérstaklega á efnaminna fólki og landsbyggðinni. Í öðru lagi er hann

stefnulaus. Hann er settur á í þágu loftlagsmála til að uppfylla skuldbindingar Íslands í loftlagsmálum en skatttekjurnar eru ekki merktar aðgerðum í loftlagsmálum sérstaklega og aðeins hluti þeirra rennur þangað. Umhverfissráðherra hefur víðurkennt í skriflegu svari við fyrirspurn á Alþingi að ekki er hægt að segja til um það hvaða árangri skattheimtan er að skila.

Skýrsla Hagfræðistofnunar áfellsdómur fyrir ríkisstjórnina

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur gefið út skýrslu um áhrif kolefnisgjalds á eldsneytisnotkun heimilanna. Margt athyglisvert kemur fram í skýrslunni og vekur undrun hversu litla athygli fjölmiðlar hafa sýnt henni.

Helstu niðurstöður eru þessar:

1. Skatturinn bitnar á efnalitlu fólki og hefur neikvæð áhrif á kjör þeirra og neyslu.

Birgir Þórarinnsson

Þingmaður
Miðflokksins
í Suðurlandshöfðingi



2. Rökstyðja þarf betur hvers vegna skatturinn er lagður á.

3. Skatturinn þarf að vera mjög hár til þess að virka.

4. Landsframleiðsla og atvinna minnkar eftir að kolefnisskatturinn er lagður á.

Skýrslan er áfellsdómur yfir kolefnisskattastefnu ríkisstjórnarinnar og staðfestir það sem Miðflokkurinn hefur ávallt sagt um þennan skatt. Það er ekki forsvaranlegt að leggja skatt á almenning með þessum hætti þegar árangurinn er enginn og hann bitnar verst á tekjulaugu fólki og íbúum á landsbyggðinni.

Enn um Njáluhöfund

Síðbúin orð vegna greinar Guðna Guðmundssonar á Þverlæk

Í dagskránni 29. janúar sl. er grein sem Guðni á Þverlæk ritar um leitina að Njáluhöfundi. Guðni telur Pál Jónsson Skálholtsbiskup vera höfund Njálu og byggir hann það sérstaklega á draumi Sigurðar J. Árnæss. Þessum draumi Sigurðar er nákvæmlega lýst í bók minni „Leitin að Njáluhöfundi“. Þar er ennfremur fjallað um fjóra aðra drauma um þetta efni, auk miðilsfunda. Nú er það svo, að sumir draumar eru stórmerkir en aðrir miklu síðri, enda er ekki auðvelt að samræma til fulls niðurstöður allra þessara drauma og miðilsfundanna.

Það hafa meira en fimmtán manns verið tilnefndir sem ætlaðir Njáluhöfundar. Í bók minni tek ég til skoðunar og meðferðar tilgátunnar um þá alla. Niðurstöður mínar þar byggjast á nákvæmum athugunum á öllum



meginþáttum Njálu og það með sammanburði við aðrar heimildir og líkleg lífsviðhorf höfundarins.

Fyrir mörgum áratugum fannst mér þeir líklegir sem Njáluhöfundar, Páll Skálholtsbiskup og Loftur sonur hans. Með- og mótrök varðandi Pál sem Njáluhöfund eru of mörg til að ég tilgreini þau í einni blaðagrein en allt kemur það fram í nefndri bók minni. Niðurstaðan þar er sú, að Páll Jónsson hefur ekki ritað þá Brennu-Njáls sögu sem við þekkjum.

Guðni nefnir að hann telji að „höfundur“ hafi fengið mann (eða menn) til að rita söguna. Þetta atriði er ekki fjarri þeirri tilgátu minni í bókinni, að hið sérstæða og einstaka málfrá Njálu byggist á því að ritarinn sé þar að færa fastmótað talmál til ritaðs máls.

Guðni Guðmundsson
frá Heiðarbrún.



**Sunnlenski
matgæðingurinn**



Matgæðingur vikunnar er
Bjarki Freyr Sigurjónsson.

Ég þakka Hrafn fyrir flotta uppskrift í síðasta tölublaði. Þar sem ég hef mikið gaman af að bauka eitt og annað með kjöt þá er haustið skemmtilegur tími þegar áfylling á kistuna fyrir komandi vetur á sér stað. Skemmtilegra finnst mér að nota hugmyndaflugið frekar en uppskriftir. Hér er hugmynd mín af klassískri kindakæfu.



Slög og annar tilfallandi afskurður af lömbum og rollum sett í pott. Vatn sett í pottinn þannig að það nái yfir kjötið. Mjög gott er að fituhreinsa ekki fyrir suðu. Eftir að suða er komin upp skal leyfa kjötinu að sjóða í ca. eina og hálfa klukkustund. Á meðan kjötið er að sjóða er gott að gera hakkavélina tilbúna og finna til matarsalt, hvítan pipar og laukduft. Ég nota laukduft í staðinn fyrir lauk til að koma í veg fyrir að kæfan súrni í geymslu. Nú þegar kjötið er tilbúið þá er gott að veiða það upp úr pottinum og setja á fat. Leyfið kjötinu aðeins að standa í fáeinar mínútur til að losna við mesta hitann. Ekki slökkva undir soðinu alveg strax. Þegar kjötið hefur kólnað örlítið má hefjast handa og byrja að hakka. Hakkið kjötið í góða skál en þó ekki hrærivélarskálina því hún þarf að vera tilbúin til að blanda saman hræfnunum. Setjið þá hakkað kjötið í hálfa hrærivélarskálina og byrjið að

bætið við eftir smekk. Hún má bæði vera sterk og sölt þegar hún er heit því bragðið mýkist við kólnun. Svo er spurningin hvort þið viljið hafa hana skurðfasta og stífa eða frekar mjúka og smyrjanlega. Ef þið viljið hafa hana stífa þá fleytið þið fitunni ofan úr pottinum og bætið út í hrærivélina en ef þið viljið hafa hana mjúka þá notið þið soðið sjálft með engu floti. Eftir að þú ert ánægð/ur með bragð og áferð þá er kæfunni skellt í form. Kælið kæfuna niður áður en formum er lokað. Gott er að leyfa kæfunni að kólna við opinn glugga eða úti og er því einstaklega gott að standa í kæfugerð þegar frost er úti. Þegar kæfan er nógu köld er lokinu skellt á og kæfan sett í kistu. Ykkur er svo óhætt að slökkva undir kjötsoðinu þegar kæfugerð er lokið. Njótið svo kæfunnar allan veturinn og fram að næstu kæfugerð.

Ég skora á vin minn, stjórnumkokkinn Einar Þór Jóhannsson til að koma með eitthvað girnilegt handa okkur í næsta tölublaði. Hann er mikill veiðimaður og matarunnandi.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Sigrún Jónsdóttir lánar málverk til að hengja upp á Kirkjuhvoli



Það er alltaf gott að gleðja aðra og nú á þessum skrítnu tímum má með sanni segja að það á sérstaklega við þegar kemur að því að gleðja eldri borgarana okkar. Sigrún Jónsdóttir, listamaður á Ásvelli í Fljótshlíð, hefur lánað Kirkjuhvoli nokkur falleg mál-

verk til að hengja upp og njóta. Verkin eru litrík og skemmtileg og lifga upp á rýmið sem búið er að hengja þau upp í og ylja hjartaræturnar nú þegar hertar samkomureglur eru í gildi. Sigrún á sannarlega þakkir skildar fyrir lánið á myndunum.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gpp@prentmetoddi.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is.
Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraveggi 25, Selfoss, fyrir hádegi á mánuðögum. Upplag: 8700 eintök. Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnaðgátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Í hofum sínum heiðingjar mig höfðu forðum.
Ég er safn af illum orðum.
Oft á þorra veisluborðum.

Svar við gátu í blaði 2571: **KIND.**

1. lína: **Mamkind** - 2. lína: **Ókind**
3. lína: **Sauðkind**

BYKO

Viðbrögð við COVID-19

Við dreifum álaginu og höfum opið lengur

BYKO Selfoss*

Virkir dagar

8-20

Laugardaga

10-14

***Timburverslun, lagnadeild og leiga**

Virkir dagar 8-18 | Lau 10-14 | Sun lokað

**Skoðaðu
jólablaðið
og jólagjafa-
handbókina**
á byko.is

Nýtt



BYKO
SELFLOSS



Verslaðu á netinu byko.is

Minningargrein:

Ástráður Ólafsson

Æviargrip

Ástráður Ólafsson fæddist í Reykjavík 19. mars 1929. Hann lést á Ljósheimum á Selfossi 18. október 2020.

Foreldrar hans voru Ólafur Helgason frá Skálholti, fæddur 6. apríl 1873, dáiinn 18. október 1933 og Guðlaug Sigurðardóttir frá Hrygg í Hraungerðishreppi, fædd 15. september 1889, dáiinn 25. nóvember 1962.

Systkini Ástráðs eru: Helgi, fæddur 27. júní 1924, dáiinn 30. desember 1991. Sigurður, fæddur 21. ágúst 1925. Valgerður, fædd 4. desember 1926, dáiinn 30. desember 2006, Ólafur, fæddur 3. júlí 1930, dáiinn 20. apríl 2018.

Ástráður kvæntist Erlu Þórhallsdóttur þann 30. nóvember 1951 fædd 8. nóvember 1933.

Börn þeirra eru: Sævar, fæddur 1951. Maki, Hrafnhildur Eyþórsdóttir, fædd 1953. Þau eiga 4 börn.

Birgir, fæddur 1952. Maki, Kristjana Jakaóbsdóttir, fædd 1957. Þau eiga 3 börn.

Elín, fædd 1954. Maki, Gunnlaugur Sveinsson, fæddur 1950. Þau eiga 2 börn.

Sigurður Þór, fæddur 1968.



Maki, Margrét Einarsdóttir, fædd 1971. Þau eiga tvo syni.

Afabörnin eru 11 talsins, langafabörnin 15 og eitt langafabarn.

Ástráður bjó fyrstu árin með fjölskyldu sinni á Baldursgötu í Reykjavík. Flytur með móður sinni að Austurkoti í Hraungerðishreppi þegar faðir hans fellur frá. Hann lauk hefðbundinni skólagöngu frá Þingborg og flytur á Selfoss með fjölskyldunni 1941. Hann stundaði sjómennsku frá 18 ára

aldri en hóf störf hjá Mjólkurbúi Flóamanna 1950 þar sem hann hafði unnið sem „brúsastrákur“ á unglingsárunum.

Hjá Mjólkurbúi Flóamanna starfaði hann í rúmlega hálfa öld.

Ástráður og Erla bjuggu allan sinn búskap á Selfossi, lengst af á Miðtúni 20.

Útför Ástráðs Ólafssonar fór fram í kyrrþey í Selfosskirkju 30. október síðastliðinn að hans ósk.

Minning

Elskulegur tengdafaðir minn og afi barnanna minna, Ástráður Ólafsson var ljúfur og góður maður, ávallt brosandí og hlátur mildur. Margs er að minnast enda vorum við samferða í rúm 48 ár. Alltaf var gott að koma til Erlu og Ástráðs, vel var tekið á móti manni og man ég enn þann dag í dag eftir fyrstu heimsókn minni til þeirra í Miðtúni 20. Feimin ung stúlka, ekki nema 19 ára, alveg að farast úr stressi. En mér var strax vel tekið, enda ekki við öðru að búast af þessum yndislegu hjónum. Við Sævarar bjuggum svo hjá þeim fyrstu mánuðina okkar saman og þar

fæddist elsti sonurinn, Rúnar Þór.

Þau hjónin voru dugleg að ferðast um landið og fórum við og börnin okkar margar ferðir með þeim í tjaldútilegur t.d. í Skaftafell, Hrífunes, Fjallabak og ekki síst margar eftirminni- legar ferðir að Rauðnefsstöðum, en það eru æskulóðir Erlu. Voru þetta ógleymanlegar ferðir með kræsingar í farteskinu sem tengdamamma sá alltaf til að væru meðferðis. Seinni árin fóru þau svo líka í margar skemmtilegar utanlandsferðir, bæði í bænduferðir og með fjölskyldunni. Ekki síst sólarlandaferðir þar sem Ástráður naut þess að liggja í sólbaði en Erla undir sólhlífinni. Komu þau t.d. með okkur Sævari í ógleymanlega ferð til Spánar þar sem fjölskyldan mín á litla íbúð við sjóinn. Þykir mér óskaplega vænt um þessar minningar sem lifa með okkur. Síðustu mánuði eða í mars á þessu ári fluttist Ástráður á Ljósheimum hér á Selfossi. Því miður skall fyrsta covid-19 bylgjan á okkur á sama tíma og á þeim tíma mátti enginn koma í heimsókn til Ástráðs. Var þetta afskaplega erfiður tími, sérstak-

lega fyrir þau hjónin sem höfðu verið saman í 70 ár. Starfsfólk Ljósheima á þakkir skildar fyrir alúðina og skilninginn við okkur öll, því þegar Ástráður fór að veikjast máttum við vera hjá honum dag og nótt síðustu daga hans og erum við ómetanlega þakklát fyrir það. Hann fékk friðsælt og fallegt andlát í faðmi sinna nánustu og er nú kominn í Sumarlandið þar sem hann nýtur sín örugglega í sólinni og fylgist með okkur úr fjarlægð. Það er erfitt að missa ástvin í skugga covid, því til að mynda gátu ekki öll börn og barnabörn Ástráðs verið við kistulagningu og útförina vegna þessa, sumir þeirra voru í sóttkví og aðrir búsettir erlendis og er það sárt. Elsku tengdamamma, missir þinn er mikill, lífsförunautur þinn til 70 ára er farinn í Sumarlandið, við munum passa þig fyrir afa Ástráð, eins og hann gerði það svo vel.

Elsku Ástráður, takk fyrir samferðina, minning þín lifir í hjörtum okkar.

Þín tengdadóttir Hrafnhildur.

VISS, vinnu- og hæfingarstöð á Hvolsvelli

óskar eftir þroskajálfa / iðjubálfa eða starfsmanni með sambærilega menntun í starf deildarstjóra



RANGÁRÞING
EYSTRÁ

VISS, vinnu- og hæfingarstöð óskar eftir að ráða deildastjóra í 55% stöðu frá 1. desember nk. VISS er vinnustaður fyrir fólk með skerta starfsgetu. Unnið verður eftir hugmyndafræðinni „þjónandi leiðsögn“ og „sjálfstætt líf“. Um er að ræða nýja starfseiningu á Hvolsvelli svo deildarstjóri mun hafa tækifæri til að móta og þróa starfsemina í samstarfi við VISS á Selfossi. Deildarstjórinn vinnur samkvæmt lögum 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 auk tengdra reglugerða.

Helstu verkefni eru:

- Daglegt utanhald um rekstur og starfsemina
- Starfsmannahald
- Móta stefnu og markmið þjónustunnar í samráði við forstöðumann
- Verkefnaöflun og að verkefni sé við hæfi hvers og eins

Hæfnikröfur:

- Menntun í þroskajálfa/iðjubálfun
- Reynslu af stjórnun og starfsmannahaldi
- Leiðtoga og skipulagshæfileikar
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og góð þjónustulund
- Almenn tölvukunnátta æskileg

Helstu markmið starfsins eru:

- Faglegt starf með fötluðu fólki
- Leiðbeina, styðja og hvetja
- Skapa öryggi og vellíðan á vinnustað
- Efling sjálfsákvörðunarrettar fatlaðs fólks

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launaneðndar sveitarfélaga og Þroskajálfafélags og / eða Iðjubálfafélags Íslands. Umsóknarfrestur er til 20. nóvember 2020. Nánari upplýsingar veitir Ragnhildur Jónsdóttir forstöðuþroskajálfa ragnhildur@arborg.is eða í síma 480 6920 og 899 7254. Umsóknnum skal skilað á netfangið ragnhildur@arborg.is eða lilja@hvolsvollur.is.

Rangárbæing eystra er heilsueflandi samfélag í stöðugri sókn. Sveitarfélagið leggur ríka áherslu á samvinnu, virðingu og vellíðan á vinnustað. Öllum umsóknnum verður svarað.



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts

Ástráðs Ólafssonar.



Sérstakar þakkir til starfsfólks Ljósheima á Selfossi.

Erla Þórhallsdóttir og fjölskylda.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Ársæll Hannesson,
Stóra-Hálsi, Grafningi,



lést á dvalarheimilinu Ási föstudaginn 23. október.
Útförin fór fram í kyrrþey að hans ósk.
Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug.

Sigrún Þorsteinsdóttir

Ásdís Lilja Ársælsdóttir Örn Ragnarsson
Dóra Bryndís Ársælsdóttir Magnús Örn Haraldsson
Hannes Grétar Ársælsdóttir Jónína Júlíusdóttir
Guðgeir Eiður Ársælsdóttir Agnes Lára Magnúsdóttir
Dagný Heiða Vilhjálmssdóttir Valur Heiðar Einarsson
Friðjón Ágúst Vilhjálmsson Guðrún Jóhannesdóttir
Jón Steinar Vilhjálmsson Ingibjörg Jónsdóttir
Vilfríður Una Vilhjálmssdóttir Gunnar Þórisson
barnabörn og barnabarnabörn.



Veitur á Suðurlandi leita að liðsauka

Starfsfólk okkar sinnir daglegum rekstri dreifikerfis heita- og kalda vatnsins okkar á Suðurlandi. Verkefni eru fjölbreytt, innan og utanhúss, svo sem eftirlit og viðhald í dælustöðvum og borholum, lagnavinna og viðbrögð við bilunum. Starfinu fylgir bakvakt á 5 vikna fresti. Starfstöð okkar á Suðurlandi er í Hveragerði en við reukum veitur allt frá Þorlákshöfn til Hvolsvallar.

Við leitum að aðila sem brennur fyrir teymisvinnu, fagmennsku og öryggi – alltaf!
Nánari upplýsingar á veitur.is

Í góðu sambandi
við framtíðina



Samherji hf.



Samherji fiskeldi er dótturfyrirtæki Samherja sem rekur þrjár áframeldisstöðvar, tvær á Suðurnesjum og eina í Öxarfirði. Félagið rekur þar að auki tvær seiðastöðvar, eina í Ölfusi og aðra á Stað í Grindavík, og einnig fullkomna fiskvinnslu í Sandgerði. Félagið er stærsti bleikjuframleiðandi í heimi og selur afurðir sínar til kröfuharðra viðskiptavina.

Gæði og áreiðanleiki eldisferils Íslandsbleikju er vottaður af óháðum aðila, IMO frá Sviss.

Nánari upplýsingar á www.samherji.is.

Starfsmaður í seiðastöð að Núpum í Ölfusi

Samherji fiskeldi auglýsir spennandi starf í seiðastöð félagsins að Núpum í Ölfusi.

- Starfið felst í umhirðu seiða auk annarra tilfallandi starfa í stöðinni.
- Viðkomandi þarf að hafa áhuga á fiskeldi og geta unnið sjálfstætt.
- Viðkomandi þarf að vera ábyrgur og vandvirkur með auga fyrir umhirðu dýra.
- Vinnutími er frá kl. 8:00 til 16:00 alla virka daga auk einnar helgarvaktar og bakvaktar í mánuði.
- Menntun í fiskeldisfræði eða sambærileg er kostur.

Vöxtur er í Samherja fiskeldi og framundan eru áhugaverðir tímar við uppbyggingu og framleiðslu hjá fyrirtækinu.

Áhugasamir sendi ferilskrá á Orra Filippusson, stöðvarstjóra Núpa, á netfangið of@samherji.is.

Umsóknarfrestur er til 17. nóvember.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Orri í síma 865 1909.



HVERAGERÐISBÆR



Útboð

Hveragerðisbær óskar eftir tilboðum í verkið:

Kambaland III áfangi 2020

Verklok eru 1. ágúst 2022.

Verkið felur í sér gerð á nýjum götum í hverfinu Kambalandi í Hveragerði. Búið er að grafa laust efni upp úr hluta af götustæðum og leggja hluta af fráveitu og kaldavatnsstofnum. Verktaki skal jarðvegsskipta götustæði samkvæmt kennisniðum, leggja styrktar- og burðarlög, malbika götur og gangstíga og steypa kantsteina. Verktaki skal einnig leggja fráveitu, vatnsveitu, hitaveitu og ýmist leggja eða aðstoða við lagningu annara veitulagna.

Áfangaskil eru eftirfarandi:

Áfangi 1: Langahrauni án yfirborðsfrágangs skal lokið - **1. maí 2021**

Áfangi 2: Helluhrauni og Lindahrauni skal að fullu lokið - **15. október 2021**

Verklok: Verkinu öllu skal að fullu lokið - **1. ágúst 2022**

Helstu magntölur eru:

• Gröftur:	3000 m ³
• Styrktarlag og fylling í lagnaskurði:	14400 m ³
• Fleygun:	2200 m ²
• Malbik:	9700 m ²
• Fráveitulagnir:	2075 m
• Vatnsveitulagnir:	950 m
• Hitaveitulagnir	1441 m

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með **þriðjudeginum 10. nóvember 2020**. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Bárð Árnason hjá EFLU á Suðurlandi með því að senda tölvupóst á netfangið ba@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Hveragerðisbæjar Breiðumörk 20, 810 Hveragerði fyrir **kl. 11:00 fimmtudaginn 26. nóvember 2020**, en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Byggingafulltrúinn í Hveragerði

Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is



Dean Martin stýrir Selfyssingum í Lengjudeildinni á næsta tímabili. Ljósmynd: Sunnlenska.is/Guðmundur Karl

Dean Martin áfram á Selfossi

KNATTSPYRNA Dean Martin skrifði í seinustu viku undir nýjan tveggja ára samning við knattspyrnudeild Selfoss.

Dean stýrði Selfyssingum upp í Lengjudeildina í sumar en liðið hafnaði í öðru sæti deildarinnar.

„Ég er mjög ánægður með

það að hafa skrifað undir nýjan samning við Selfoss og ég hlakka til að taka næsta skref með liðinu. Leikmennirnir voru ótrúlegir í allt sumar þrátt fyrir erfitt og öðruvísi sumar. Þetta er frábært lið og það sama má segja um fólkið í kringum liðið,“ sagði Dean eftir undirskriftina.

„Það eru spennandi tímar fram undan í fótboltanum á Selfossi. Við erum að fá nýja höll og glænýtt gervigras þannig að staðan er að verða betri og leikmennirnir hjá félaginu fá tækifæri til þess að verða enn betri.“

Endurnýjaður samstarfssamningur við KFR

KNATTSPYRNA Á dögunum var endurnýjaður samstarfssamningur við Knattspyrnufélag Rangæinga (KFR). KFR var stofnað 1997 og hefur það að markmiði að styrkja möguleika til knattspyrnuíðkunar í Rangárvallasýslu. Félagið heldur úti æfingum fyrir yngri flokka auk þess sem meistaraflokkur félagsins hefur leikið á Íslandsmóti.

Samningnum er ætlað að efla samstarf milli sveitarstjórnar Rangárþings ytra og KFR og tryggja öflugt íþróttastarf fyrir börn og unglinga í sveitarfélaginu. Samningnum er ætlað að tryggja enn frekar starfsemi KFR enda er sveitarstjórn þeirrar skoðunar að það sinni öflugum og viðurkenndu forvarnastarfi.

Samningurinn er árangurstengdur eftir fjölda virkra iðk-

enda í Rangárþingi ytra og geta því árlegar greiðslur orðið á bilinu 2.150.000 – 3.000.000 kr. KFR fær einnig aðgang að öllum íþróttamannvirkjum sveitarfélagsins fyrir deild sína í samráði við forstöðumann íþróttamannvirkja sveitarfélagsins. Samningurinn tekur við af eldri samningi sem rann út í lok árs 2018.



Það voru þau Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri Rangárþings ytra og Tinna Erlingsdóttir formaður KFR sem undirrituðu samninginn.

Íþróttaiðkun og Covid-19

Á tímum sem þessum, þegar Covid-19, heldur öllu í heljargreipum, er nauðsynlegt að allir hugsi vel um sig og sína. Íþróttahreyfingin hefur ekki farið varhluta af þessu ástandi sem ríkir. Allar þær takmarkanir sem hafa verið í gildi og eru í gildi, haft mikil áhrif á íþróttahreyfinguna. Áhrifin eru ekki eingöngu fjárhagsleg, heldur einnig hvað varðar allt skipulag og þjónustu við notendur sína, m.a. börn og unglinga. Íþróttahreyfingin snýst ekki eingöngu um afreksíþróttir heldur einnig um mikilvægt starf með börnum og unglingum, sem margoft hefur verið bent á að er mikilvægt forvarnastarf. Þess vegna hefur íþróttahreyfingin gert allt sem í hennar valdi stendur til að reyna að halda úti öllu mögulegu starfi sem hægt er, í takt við gildandi sóttvarnareglur. Ef ekki er hægt að koma saman til æfinga, hafa þjálfarar verið hvattir til að halda sambandi við iðkendur sína í gegnum samfélagsmiðla eða á annan hátt, útvega þeim æfingaprógrömm til að æfa eftir og hvetja til hreyfingar.

Það sem við, sem stöndum í

Helgi Sigurður Haraldsson

Formaður Frjáls-
íþróttadeildar
UMFS og vara-
formaður HSK



framlínu íþróttahreyfingarinnar, óttumst mest er að mikið brottfall verði úr íþróttaiðkun vegna þessa ástands, ekki eingöngu vegna þess að ekki er hægt að koma saman og stunda æfingar heldur einnig vegna fjárhagslegrar stöðu foreldra og forsvarsmanna iðkenda. Vegna þessa hafa stjórnvöld sett fjármagn í það verkefni að koma til móts við foreldra og forráðamenn, barna og unglinga, sem hafa misst vinnu og eru tekjulág vegna ástandsins í þjóðfélaginu og hafa ekki ráð á greiðslu æfingagjalda fyrir börn sín. Framkvæmd þessa verkefnis hefst á næstu dögum og verður þá kynnt hvernig standa beri að umsóknum um stuðning vegna greiðslu æfingagjalda.

Við forsvarsmenn íþróttahreyfingarinnar erum sammála

um að allir eigi að geta æft íþróttir, óháð efnahag og félagslegri stöðu. Mikilvægt er að foreldrar og forráðamenn séu í góðu sambandi við þau íþróttafélög þar sem börn þeirra stunda æfingar, hafa stundað æfingar eða langar til að stunda æfingar og fari yfir stöðu sína og fái aðstoð til að þau geti gert það áfram. Við munum leitast við að finna lausnir og aðstoða á allan hátt sem við getum til að öll börn og unglingar geti stundað íþróttir. Það þarf enginn að kviða því að hafa samband og ræða stöðu sína, það hafa allir skilning á aðstæðum. Ráðherra íþróttamála og félagsmálaráðherra hafa lýst því yfir að þeir muni vinna með íþróttahreyfingunni svo hún komist yfir þetta ástand og geti gefið öllum tækifæri til að stunda íþróttir. Það er viðurkenning á starfi íþróttahreyfingarinnar og mikilvægi þess forvarnagildis sem þær eru.

Stöndum saman á þessum erfiðu tímum og hugsum um börnin og unglingana og gefum þeim öllum tækifæri á að stunda íþróttir við sitt hæfi.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu

Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is

AWE

**Nýsköpunarhraðall
HÍ fyrir konur:**
Ert þú með góða
viðskiptahugmynd?



Stafrænn kynningarfundur
12. nóvember kl. 12:00

Umsóknarfrestur til 29. nóvember

Nánar á www.awe.hi.is



Árleg fjáröflun Sambands sunnlenskra kvenna fyrir sjúkrahússjóð SSK

SSK eru samtök 25 kvenfélaga í Árnes- og Rangárvallasýslu. Árlega afla kvenfélagskonurnar fjár til Sjúkrahússjóðs SSK með sölu á kærleiksenglum og jólakortum.

Kærleiksengill ársins 2021 er með líku sniði og síðasta ár. Glerlistakonan Eva Ruth Gísladóttir á Selfossi hannar og framleiðir engilinn, hún framleiddi einnig engilinn fyrir árið 2020. Kærleiksmynd af vængjum sem umvefja og vernda jörðina okkar er sandblásin í glerskífu sem kemur í fállegri gjafaðöskju. Kærleiksorðin, sem fylgja eru „Lífð er kærleikur“.

Jólaortin eru með hátíðlegri mynd frá listakonunni Sigrúnu Jónsdóttur, sem er í Kví. Hallgerði í Fljótshlíð. Hún lagði einnig til mynd á jólaortíð 2011 og er kortið í ár í sama stíl hvað varðar útlit og efnistöð. Sjá nánar um jólaortíð í grein frá Sigrúnu, sem birtist í blaðinu.

Bæði englar og jólaort eru til sölu hjá kvenfélagunum og einnig í móttöku HSU á Selfossi og hjá heilsugæslustöðvum HSU.

Covid-19 faraldurinn hefur lagt hömlur á allt félagsstarf undanfarna mánuði og er starfsemi kvenfélaganna þar engin undantekning. Í skugga samkomutakmarkana má segja að allar hefðbundnar fjáraflanir hafi legið niðri. Þó hafa nokkur kvenfélög farið nýjar leiðir og fundið ráð til að afla fjár til



góðra verka t.d. fjáröflunar-göngur og fjáröflunarþjón.

Öll kvenfélögin innan SSK styðja myndarlega við brýn málefni í sínu nærumhverfi og gefa rausnarlegar gjafir til líknar-, mennta- og menningarmála. Árið 2019 var verðmæti þeirra skv. ársskýrslum tæplega 14 milljónir.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands hafði samband við SSK nýlega og óskaði eftir fjárstuðningi til kaupa á súrefnismettunarmælum og öðrum búnaði sem skortur var á vegna faraldursins. Stjórn SSK samþykkti að veita 1.5 milljónum úr Sjúkrahússjóðnum til þessa verkefnis og hefur gjöfin þegar verið afhent HSU.

Það er von okkar að íbúar á

Suðurlandi og aðrir velunnarar HSU og SSK styðji við þetta góða starf með kaupum á Kærleiksenglum og jólaortum. Fyrirtæki og stofnanir sem hafa áhuga á að styðja við þetta verkefni með kaupum á kortum og englum geta haft samband við kvenfélögin á sínu svæði og/eða formann SSK, í netfangið formadurssk@gmail.com.

Gildisorð kvenfélagstarfs í landinu eru: *Kærleikur – Samvinna – Virðing*. SSK hefur látið sig varða ýmis málefni eing og lýðheilsu og forvarnir. Í tengslum við þau voru valin einkunnarorð starfsársins 2019-2020: *Virðum veröld – Vöndum valið – Nýtum nærumhverfi*.

Ert þú eða barnið þitt öruggt á hjólinu?

Samkvæmt lögum eiga börn yngri en 16 ára að vera með hjálm á hlaupa- og reiðhjól. Best er ef allir hjólréiðaiðkendur eru með reiðhjólshjálm. Ökumaður og farþegi vespu eiga ávallt að nota hjálm. www.samgongustofa.is

Forvarnahópur Árborgar



FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

ATVINNA

Snjómokstur
Vantar mann með gröfuréttindi í
íhlaupavinnu í snjómokstur.
Nánari uppl. í síma 864 1275.

BÍLAR

KLETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.
Hjólástíllingar
HEKLA
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

AB SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyrangei 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

TIL LEIGU

Íbúð til leigu í Hveragerði
Ný stúdíóíbúð til leigu í Hvera-
gerði. Leigist með húsgögnum
og heimilistækjum, ef fólk vill.
Laus 1. nóvember. Nánari uppl. í
síma 860 1957.

Íbúð til leigu
Erum með lausar íbúðir til leigu á
Laugarvatni. Stærðir 60 - 80 fm.
Frekari uppl. fást hjá Laugarvatn
Fontana í síma 663 9400.

**VETRAR
LIST**
Myndlistarnámskeið
fyrir 13-16 ára
16.nóv.-7.des
á mánudögum á milli
kl. 14-17
Staðsett á BrimRót
Hafnargötu 1
Stokkseyri
Fyrirspurnir og skráning:
listastrondin@gmail.com
https://www.facebook.com/listasmidja

Stórsókn Árborgarsvæðisins

Karl Gauti
Hjaltason

Þingmaður
Miðflokksins í
Suðurlkjördæmi



Athygli hefur vakið hinn
Amikli uppgangur sem verið
hefur á Árborgarsvæðinu undan-
farin ár. Íbúum hefur stórfjölgað
í öllum stærstu sveitarfélögum
og uppbygging er á flestum
sviðum. Miðpunktur alls þessa
er bygging hins nýja miðbæjar á
Selfossi, sem mun laða að, ekki
bara innlenda og erlenda ferða-
menn heldur mun miðbærinn
vera fyrirmynd annarra svæða
um hvernig unnt er að byggja
nýtt en halda þó í heiðri gömul
gildi, bæði í byggingarstíl, menningu,
fegurð og aðlaðandi útveru
í þéttbýli.

Í fararbroddi

Innan fárra ára má gera ráð fyrir
að íbúar Árborgar verði yfir 15
þúsund talsins. Til að þjónusta
þann fjölda þarf að byggja upp
opinbera þjónustu. Þar er mikil-
vægt að ríki og sveitarfélagið
gangi í takt svo útkoman verði
ákjósanleg fyrir íbúana. Inn
á svæðið hefur margt streymt
margt ungt fólk með börn, en
einnig eldra fólk sem kys að búa
í sunnlensku umhverfi. Allt þetta
fólk þarf þjónustu af ýmsu tagi.
Sveitarfélagið vinnur að fjöl-
breyttri uppbyggingu, sem óþarft
er að tíunda hér því öllum er það

augljóst. Ég fagna þó sérstak-
lega fyrirætlanum um byggingu
tveggja þrepa skólphreinsistöðva-
ra við Ölfúsá, til verndar lífríki
árinnar og lýðheilsu íbúanna.
Þessi framkvæmd yfir undir feg-
urð svæðisins og verður íbúum
öllum til sóma.

Sterkir nágrannar

Það er alls ekki svo að Selfys-
singar eða íbúar Árborgar standi
þarna einir í stafni á Suðurlandi,
heldur er geysilegur framfara-
hugur á öllu svæðinu svo eftir er
tekið. Uppbygging í Ölfusinu og
í Hveragerði vekur landsathygli
og með löngu tímabærum vega-
bótum á þjóðvegi eitt frá höfuð-
borgarsvæðinu og austur um,
styrkist allt svæðið. Möguleikum
til atvinnuuppbyggingar fjölgar.

Ölfusárbrú og mislæg gatnamót

Loks hillir undir gerð nýrrar Ölf-
usárbrúar, en þó munu nokkur
ár líða áður en umferðarálagi á
gömlu brúnni mun létta. Enn er
þó óljós framgangur málsins í
mörgum smáatriðum, svo sem
samvinnu um verkefnið við
einkaaðila og útfærsla veggjalda.
Höfundur hefur lagt áherslu á að
veggjöld verði að ákveða í sam-
ræmi við aðrar álögur á bifreiða-
eigendur sem og að líta til ferða-
fólks í gegnum mörg veggjalda-
hlið á ferðum sínum um landið,
allt með það að markmiði að auka
ekki álögur á fjölskyldur. Þá telur
undirritaður að gera eigi fleiri
mislæg gatnamót á leiðinni frá

Reykjavík að Selfossi. Þannig sé
mikilvægt að slík gatnamót verði
á umferðarþungum gatnamótum,
eins og t.d. við Hveragerði og
Biskupstungnaafleggjara. Þegar
horft er til Reykjanesbrautar er
þar fjöldi slíkra gatnamóta, sem
tryggir öruggari umferð og betra
umferðarlíði.

Miklir möguleikar

Suðurland á sér mikla mögu-
leika. Þar er að finna helstu
náttúruperlur landsins sem
hafa sterkt aðdráttarafl. Svæðið
hefur verið miðstöð menningar
um aldir og menningartengdir
möguleikar nær óþrjótandi. Ná-
lægð við helsta þéttbýlissvæðið,
alþjóðaflugvöll og möguleikar á
uppbyggingu hafnar í Þorlákshöfn
gefa svæðinu möguleika,
sem bjóðast vart annars staðar.

Stoðirnar

Mikilvægt er að skjóta fleiri
stoðum undir atvinnulíf á svæðinu.
Þar er víða að finna stórhuga
fólk sem hyggur á stórfellda at-
vinnuuppbyggingu. Þar má nefna
byggingu gróðurhúsa, fiskeldi á
landi, nýsköpun í ferðamennsku,
landbúnaði og fullvinnslu í öllum
þessum greinum, sem og upp-
byggingu hafna og flugvallar. Allt
mun þetta renna styrkari stoðum
undir velmegun á svæðinu öllu
og kerfið má ekki flækjast fyrir.
Stjórnálamenn eiga að einbeita
sér að því að þjóna íbúum og
einfalda fólk að byggja upp og
stofna til atvinnurekstrar.

HEILSA

**Nudd -
Svæðanudd**
Dáleiðsla
Augnlestur og
heilsuráðgjöf

Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum

Alla fimmtudaga í Heilsulindinni
Miðgarði, Austurvegi 4,
Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

HÚSNÆÐI ÓSKAST

Íbúð óskast

Mig bráðvantar íbúð, helst fyrir
jól, á Selfossi. Þarf að vera lítil, á
jaðhæð eða lyftu. Ekki dýrari en
155.000 kr. með öllu, allt upp-
gefið. Nánari uppl. í síma 866
6597 (Ásdís).

Húsnæði óskast

Óska eftir iðnaðarhúsnæði eða
vélaskemmu til leigu í Ölfusi eða
Hveragerði. Uppl. í síma 821
9011.



Raddir - Annir og efri ár

Út er komin bókin *Raddir -
Annir og efri ár* í ritstjórn
Jóns Hjartarsonar fyrrverandi
fræðslustjóra og Kristínar Aðal-
steinsdóttur fyrrverandi pró-
fessors við Háskólann á Akur-
eyri. Inngang að bókinni skrifar
Ólafur Páll Jónsson heimspek-
ingur, prófessor við Háskóla Ís-
lands. Inngangurinn er einskona-
regnhlíf yfir efni bókarinnar þar
sem fjallað er um það

ára til 104 ára frá lífi sínu með
áherslu á lífið á efri árunum.
Greinarnar eru afar ólíkar enda
eru greinarhöfundar, með mjög
ólíkan bakgrunn, menntun, ævi-
starf, uppeldisaðstæður og úr
flestum landshlutum.

Hugmyndin með bókinni er
að líta inn í líf samfélagshóps,
sem að öllu jöfnu lætur ekki mikið
fyrir sér fara, gengur hljóð-
lega um samfélagið sem iðar af

lífi allt um kring
með öll sín vanda-
mál, áhyggjur og
drauma.

Óhætt er að segja
að þetta hafi tekist,
því eins og einn
ágætur lesandi orðaði
það: „Þessi bók er
til mikils sóma fyrir
okkar aldurshóp.“

Það hefur heppnast
að ná fram þeim mark-
miðum að bókin yrði;
fróðleg, skemmtileg, lærdómsrík
og gagnleg innsýn í líf fólks á
efri árunum og hvernig þau geta
bæði verið innihaldsrík og góð
og elsti greinarhöfundur bókar-
innar orðar það þannig:

„Ég get sagt alveg eins og er
að mér finnst lífið skemmtilegt,
ég er heilbrigður og oftast með
skemmtilegu fólk.“

Bókin fæst í öllum helstu
bókavæslunum landsins.





Glæta

Á þessum síðustu og verstu tímum getum við þó þakkað fyrir margt eins og til dæmis að búa í hlýjum húsum sem verja okkur fyrir kulda og trekki. Þá er ekki verra að eiga mjúka og fallega léttu flík. Hér er uppskrift að peysu með stuttum ermum. Hún er prjónuð úr CASCADE Fingering, einstaklega mjúku og léttu ullargarni frá Perú sem við flytjum inn í ótal fallegum litum. Til skrauts eru rendur úr Glitter frá Grúndl sem líka er til í mörgum litum og er notað bæði í prjón og hekl. Peysan er prjónuð ofanfrá og niður.

Hver og einn ákveður hversu margar umferðir eru á milli glitrandi en á þessari peysu eru fyrst 12 tvisvar og eftir það 19.

Garn: Cascade Fingering 3 hespur, Glitter frá Grúndl 1 hnota. Stuttir og langir prjónar no 3 og 4. Prjónafesta 24 l = 10 cm Skammstafanir: sp=setja prjónamerki, Suá = Slá upp á Vidd á bol 94 sm, sídd frá handvegi 28 sm

Fitjið upp með Fingering á prjóna no 3, 152 lykkjur og tengið saman í hring. Prjónið 2 umferðir stroff 1 sl og 1 br til skiptis. Prjónið 1 umferð með glitter og svo áfram með Fingering 3 umferðir. Skiptið yfir á prjóna no 4 og prjónið 1 umferð sl. Umferð byrjar aftaná við vinstri öxl.

Setjið prjónamerki þannig: Sp, 15 l, sp, 3 l, sp, 55 l (framhluti), sp, 3 l, sp, 15 l, sp, 3 l, sp, 55 l (bakhluti), sp, 3 l.

Í næstu umferð er prjónuð útaukning sem síðan er endurtekin í annarri hverri umferð.

* Suá á eftir prjónamerkinu, 3 sl (þessum lykkjum fjölga um 2 l í hvert sinn sem aukið hefur verið út), suá á undan prjónamerkinu.* Endurtakið *-* við næstu tvö prjónamerki út umferðina alls þrisvar.

Þegar aukið hefur verið út 23 sinnum eru 336 l á prjóninum. Prjónið áfram 12 umferðir án þess að auka út.

Í næstu umferð eru bollykkjurnar sameinaðar en ermalykkjur settar á hjálparprjóna eins og hér segir:

Prjónið 24 lykkjur. Setjið næstu 65 l á prjónanælu. Fitjið upp 10 l fyrir handveg og prjónið því næst 103 l. Setjið næstu 65 l á prjónanælu, fitjið upp 10 l fyrir handveg og klárið umferðina, 79 l. Þá eru á prjóninum 226 lykkjur. Prjónið áfram slétt 22 sm. Skiptið yfir á prjón no 3 og prjónið stroff 1 sl, 1 br * 3 umferðir með Fingering og 1 umferð með Glitter * Endurtakið *-* alls 5 sinnum. Prjónið síðan 4 umferðir með Fingering og fellið hæfilega laust af.

Setjið ermalykkjur á stuttan prjón no 4, prjónið þær og takið upp 15 lykkjur í handveginum, alls 80 lykkjur. Prjónið 10 umferðir sléttar og síðan stroff eins og á bol en bara með þremur röndum af Glitter. Prjónið hina ermina eins.

Gangið frá endum. Þvoið úr volgu sápuvatni og leggið til þerris.

Hönnun: Alda Sigurðardóttir



Hannyrðabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314



Auglýsing um fjórar deiliskipulagstillögur í Sveitarfélaginu Ölfusi



ÖLFUS

Deiliskipulag fyrir Vesturgljúfur

EFLA hefur unnið deiliskipulag af lóðum á athafnasvæði sunnan við Klettagljúfur. Afmarkaðir eru byggingarreitir þar sem byggja má atvinnuhúsnæði. Búið er að taka hluta lóðanna undir vegsvæði fyrir nýjan Ölfusveg.

Deiliskipulagsbreyting Gljúfurárholt 14

Landeigandi óskar eftir að breyta nýsamþykktu deiliskipulagi þannig að byggja megi hús til landbúnaðarnota (Skemmu) til viðbótar við þær heimildir sem gildandi deiliskipulag inniheldur. Bætt er við einum byggingarreit, U2 en að öðru leyti er skipulagið óbreytt. Útbyggingarheimildir eftir breytinguna eru vel innan heimilda aðalskipulags fyrir lóðir á landbúnaðarsvæðum.

Deiliskipulag fyrir Setberg 20

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir allt að 89 m2 viðbyggingu við húsið Setberg 20 í horni fyrir framan núverandi bílskúrhurð. Skipulagið gerir ráð fyrir að viðbygging falli sem best að núverandi húsi á lóðinni.

Deiliskipulag fyrir Kvíarhól í Ölfusi

Um er að ræða skipulag sem heimilar allt að 800 fermetra 6,5 metra háa reiðskemmu sem verður norðan við núverandi hesthús á lóðinni og tengist því. Tillagan samræmist aðalskipulagi Ölfuss.

Tillögurnar liggja frammi til kynningar á sveitarskrifstofu Ölfuss að Hafnarbergi 1 í Þorlákshöfn frá 4. nóvember til 24. desember.

Frestur til að gera athugasemdir er frá 4. nóvember til 24. desember 2020. Skila má athugasemdum á bæjar-skrifstofur Ölfuss, Hafnarbergi 1, eða rafrænt á skipulag@olfus.is.

Gunnlaugur Jónasson, skipulagsfulltrúi Ölfuss

ÚTBOD BJARKARLAND, GATNAGERÐ OG LAGNIR 2. ÁFANGI 2020



Fyrir hönd Sveitarfélagsins Árborgar er óskað eftir tilboðum í verkið:

Bjarkarland, gatnagerð og lagnir 2. áfangi 2020.

Verkið felur í sér gatnagerð og lagnavinnu í Bjarkarlandi á Selfossi, þ.e. gróft, fyllingar, burðarlög og malbikun gatna og stiga, lagningu stofnlagna og heimæða, fráveitu, vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu og fjarskiptalagna og götulýsinga.

Helstu magntölur eru:

Gröftur	112.000 m ³
Fyllingar	116.000 m ³
Styrktar- og burðarlag	52.700 m ³
Malbik	42.700 m ²
Frárennislagnir	6.800 m
Vatnslagnir	4.500 m
Hitaveitulagnir	4.500 m
Fjarskiptalagnir	12.600 m
Raflagnir götulýsingar	8.100 m
Götuljósastólar	200 stk

Verkinu er áfangaskipt á eftirfarandi hátt:

Áfangi A, Björkstekkur	1. september 2021.
Áfangi B, Hólastekkur	1. september 2022.
Hitaveitutenging um Hólastekkur	
skal að fullu lokið:	1. desember 2021.
Áfanga C, hluti Móstekks	1. október 2023.
Áfanga D, Móstekkur kláraður:	1. júní 2024.
Verkinu skal að fullu lokið:	1. júní 2024.

Útboðsgögn verða afhent í útboðskerfinu Ajour þar sem bjóðendur geta sótt gögn frá og með 10. nóvember 2020. Bjóðendur skrá sig inn á vef og hlaða niður gögnum.

<https://is.ajoursystem.is/Tender/DirectLink/40e37d8f-d60b-4c37-bf2f-f8f15179b4ff>

Notkunarleiðbeiningar um kerfið má sjá hér: <https://help.ajoursystem.com/astopic/tender/>

Tilboði skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skrá sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.



Sími 492 1944 - auglysingar@dfs.is

Sóknarhugur og seigla í sunnlenskri ferðapjónustu

Markaðsstofa Suðurlands ákvað að kanna áhrif og viðbrögð ferðapjónustufyrirtækja á Suðurlandi vegna Covid-19. Könnun var send fyrirtækjum í lok september og markmið hennar að greina nánar hvaða aðgerðir fyrirtæki hafa þurft að grípa til vegna Covid-19 faraldursins.

Ferðapjónustuaðilar á Suðurlandi telja að fyrirtæki þeirra muni komast í gegnum þær aðstæður sem skapast hafa vegna Covid-19 faraldursins. Það má túlka svör könnunarinnar þannig að bjartsýni ríki hjá meirihluta fyrirtækja á Suðurlandi, 71,3% telja líklegt eða mjög líklegt að fyrirtæki þeirra muni lifa af það ástand sem hefur skapast vegna Covid-19. Það ríkir einnig töluverð óvissa á meðal fyrirtækja, 18,1% segjast ekki vita hvort þau geti starfað næstu 12 mánuði og 10,5% fyrirtækja munu ekki geta haft opna starfsemi sína á næstu 12 mánuðum.

„Það sem er einstaklega ánægjulegt að sjá í þessari könnun er hvað fyrirtækin í ferðapjónustu voru tilbúin og í raun fljót að bregðast við ástandinu með því að ráðast í aðlögun á vöru- og þjónustuframboði sínu vegna Covid-19, eða 67,1%. Ég tel að verkefnið „Sóknarfæri ferðapjónustunnar“ hjá Samtökum



sunnlenskra sveitarfélaga, sem Markaðsstofan kom að, hafi haft mikið að segja varðandi þetta. Á þeim tímapunkti var mikilvægt að ráðast í markvissar aðgerðir sem miðuðu m.a. að því að styðja fyrirtækin til að hugsa í lausnum. Það skipti miklu máli. Einn hluti af því verkefni var markaðsáttak innanlands sem Markaðsstofan leiddi fyrir hönd landshlutans, sem hluta af stuðningi við fyrirtæki sem fóru í að hugsa í lausnum og leita leiða til að ná enn betur til íslenska markhópsins. Árangurinn er m.a. sá að fyrirtækin fóru að huga betur að því að dreifa áhættunni í rekstrinum og leggja meiri áherslu á íslenska markaðinn í sínum rekstri. Meirihluti

forsvarsmanna fyrirtækjanna, eða yfir 50%, telja að Íslendingar muni verða stærri hluti af sínum viðskiptavinahópi til framtíðar,” segir Dagný Hulda Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands. „Annað sem vert er að nefna er að meirihluti forsvarsmanna fyrirtækjanna telja fyrirtækið muni lifa af ástandið vegna Covid-19. Það á eftir að skipta sköpum þegar birtir til og viðspyrnan hefst á ný. Við verðum því að halda áfram og halda í smá bjartsýni og horfa fram á veginn og út úr kófinu, hver svo sem tímaramminn verður á því. Seigla sunnlenskrar ferðapjónustu, hér eftir sem hingað til, á eftir að koma okkur langt”, segir Dagný enn fremur.

Uppbygging heldur áfram í Kambalandinu í Hveragerði



Hveragerðisbær hefur óskað eftir tilboðum í þriðja áfanga í Kambalandi. Verkinu á að skila þann 1. ágúst 2022. Verkið felur í sér gerð á nýjum götum í hverfinu Kambalandi í Hveragerði. Helstu magntölur eru; Gröftur 3000 m³, styrktarlag og fylling í lagnaskurði 14400 m³, fleygun 2200 m², malbik 9700 m², fráveitulagnir 2075 m, vatnsveitulagnir 950 m, hitaveitulagnir 1441 m.



Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

FROST
KÆLIKERFI - FRÝSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFÖSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert
kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frýstikerfum
Ísskápavíðgerðir - Almennar raflagnir



**HREINGERNINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.**

Allar ræstingar
Steinteppabreinsun, teppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Freint um allt Suðurland

**Tæknipjónusta
Suðurlands ehf.
Selfossi**

Sjónvarpskerfi
fyrir hótél og gistihús

Öryggiskerfi

Eftirlitsmyndavélakerfi

Hljóðkerfi

Símkerfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar Guðmundsson

sími 694 4922

Vilmundur Sigurðsson

sími 779 6777

**Rétting
og málun**

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi

☎ **480 8020**



**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

*Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmíði*

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

**Hjólbarðapjónusta
Magnúsar**

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar
Smurpionusta
Betri vörur - betra verð

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Hafðu samband

Sími 482 1944 - dfs@dfs.is


Jiibbii
Siggaferðir

- Flutningapjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur

Sími 772 6010



Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfr F. Sigurðsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is



**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

**.25.
ára**

